

Ed.

463. Frumvarp

til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 65. gr. fátækralaganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nú verður ríkissjóður að greiða sveitarstyrk erlendis með þurfamauni,

sem á framfærslusveit hér á landi, eða kostnað við flutning hans og fjölskyldu hans frá útlöndum, og á hann þá rétt til endurgjalds hjá framfærslusveit þurfalingsins á þeirri upphæð, er hann hefir þannig lagt fram. Á þetta jafnt við um þá þurfalinga, sem fengið hafa slíkan styrk hjá fátækrastrjórn á þeim stað erlendis, þar sem þeir voru staddir er styrkurinn var veittur, sem um þá menn, sem fengið hafa styrk hjá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn eða hjá öðrum umboðsmönnum ríkisins erlendis, samkvæmt heimild þeirri, sem veitt er í fjárlögum til styrktar nauðstöddum Íslendingum erlendis, en sá styrkur telst sveitarstyrkur, ef hann er eigi endurgreiddur af styrkþega innan mánaðar frá veitingu hans.

Sama gildir, ef slíkur framfærslustyrkur eða flutningskostnaður er greiddur á annan hátt úr ríkissjóði.

2. gr.

66. gr. orðist þannig:

Oddvitum sveitarstjórna og bæjarstjórna ber fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert að senda atvinnuáráðuneytinu skýrslu um fátækraframfæri í hreppum eða kaupstöðum fyrir umliðið ár í því formi, sem ráðuneytið ákveður. Ennfremur ber þeim samtímis að senda ráðuneytinu nákvæma tölu íbúa hreppsins eða kaupstaðarins í árslok eða á þeim tíma, sem manntal var síðast tekið á árinu af presti eða öðrum hlutaðeigandi embættismanni. Ber þeim að útvega skýrslu hlutaðeigandi embættismanns og láta hana fylgja.

Sýslumenn skulu fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert senda atvinnuáráðuneytinu skýrslu um samanlagðar skattskyldar tekjur allra íbúa hvers einstaks hrepps sýslunnar samkvæmt skattskrá fyrir umliðið ár, svo og um skuldlausar eignir samkvæmt sömu skattskrá, og loks um skattmat allra fasteigna í hverjum hreppi, sem skatt bar að greiða af síðastliðið ár. Á sama hátt ber bæjarfógetum í kaupstöðum og tollstjóranum í Reykjavík að senda ráðuneytinu tilsvarendi skýrslur úr umdæmum þeirra.

3. gr.

67. gr. orðist þannig:

Samkvæmt skýrslum þeim, sem getur um í greininni næst hér á undan, skal ráðuneytið finna, hversu mikil fátækraútgjöld hafa síðastliðið ár komið að meðaltali á hvern mann á landinu, á hvert hundrað króna skattskyldra tekna, á hvert hundrað króna skuldlausra eigna og á hvert fasteignamatshundrað.

Nú fara samanlögð fátækraútgjöld sveitarfélags meira en 20% fram úr meðaltali fátækraútgjalda á öllu landinu, miðað að $\frac{1}{3}$ hluta við mannfjölda, að $\frac{1}{3}$ hluta við skattskyldar tekjur, að $\frac{1}{6}$ hluta við skuldlausar eignir og að $\frac{1}{6}$ við fasteignamat, og greiðast þá $\frac{2}{3}$ hlutar af því, sem þar er fram yfir, úr ríkissjóði.

Þó greiðist aldrei minni upphæð en 100 krónur.

4. gr.

Nú skuldar sveitarfélag öðru sveitarfélagi verulega fúlgva vegna sveitarstyrks, sem þurfalingi þess hefir verið veittur af hinu síðartalda fyrr en á ár-

inu 1932, og skal þá ráðuneytið rannsaka hag hins fyrrtalda og meta gjaldþol þess. Telji ráðuneytið hlutaðeigandi sveitarfélag eigi fært um að endurgreiða alla skuldina, skal ráðuneytið leita samninga um greiðslu hennar við það sveitarfélag, sem skuldina á, og má þá, ef samningar takast, greiða úr rikissjóði nokkurn hluta hennar, þó aldrei frekara en það, sem vanta kanu á, að sveitarfélag það, sem skuldina á að lúka, geti greitt helming hennar. Samningurinn skal bundinn við það, að sá hluti skuldarinnar, sem um er samið að greiða, sé goldinn þegar í stað, enda falli þá hinn hluti skuldarinnar niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Kostnað þann, sem áfallinn er samkvæmt 66. og 67. gr. fátækralaganna, ber að greiða úr rikissjóði til þess tíma, er lögin öðlast gildi, á sama hátt og hingað til. Þó miðast fyrsta framlag rikissjóðs samkvæmt 3. gr. þessara laga við fátækraútgjöld sveitarfélaganna allt árið 1932.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutun atvinnumálaráðuneytisins og er flutt óbreytt eins og það kom frá því, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja við það breytingartillögur. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Á síðasta Alþingi var samþykkt svo hljóðandi þingsályktun:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp um þær breytingar á fátækralögunum, að greitt sé úr þeim fjárhagsvandræðum, er af því leiðir fyrir einstök hreppsfélög, hversu þunginn af fátækraframslunni kemur misjafnlega niður“.

Tilgangurinn með þingsályktun þessari virðist ekki vera sá, að gerðar séu gagngerðar breytingar á fátækralöggjöfinni með tilliti til sveitfesta eða sveitfestitíma, heldur aðeins að greitt sé úr fjárhagsvandræðum þeirra hreppa, sem harðast verða úti vegna þess hve sveitarþyngslin eru misjafnlega mikil. Fyrir tveim síðustu þingum hefir legið frumvarp, sem fer fram á, að allt landið verði gert að einu framfærsluhéraði, þannig að hver maður fái styrk í sinni dvalarsveit, en samanlögðum fátækraútgjöldum allra sveitarfélaga verði eftir á jafnað niður á öll sveitarfélög, svo sveitarþyngslin komi jafnt niður á þau öll. En þetta frumvarp hefir í hvorugt skiptið komið lengra en til 1. umræðu og sofnað í nefnd í bæði skiptin. Svo gagngerðar breytingar á fátækralögunum virðast því ekki hafa fylgi þingsins. Það mundi heldur varla verða æskilegt að koma á svo fullkomnum jöfnuði á sveitarþyngslum allra sveitarfélaga í landinu sem frumvarpið fer fram á, því að við það mundi hverfa sú hvöt, sem sveitarfélögin hafa til þess að halda fátækraútgjöldunum í skefjum, hvert innan sinna vébanda, en útgjöld þessi eru orðin svo mikil í heild sinni, að nauðsyn er til þess, að öll sveitarfélög gæti fyllstu varkárni og hagsýni í þeim efnunum. Hinsvegar mætti jafna sveitarþyngslin að mjög miklu leyti með því að ákveða, að hvert sveitarfélag skyldi sjálf bera aðeins nokkurn hluta af fátækraútgjöldum sínum, t. d. $\frac{1}{3}$, en hinum $\frac{2}{3}$ yrði jafnað niður á öll sveitarfélög á landinu, þannig

að þau sveitarfélög, sem væru fyrir neðan meðaltal, greiddu í viðbót, sem rynni til þeirra, sem væru fyrir ofan meðaltalið. Sá hlutinn, sem sveitarfélögin aldrei fengju endurgoldinn, ætti að vera nægileg hvöt fyrir þau til þess að gæta fullrar hagsýni í styrkveitingum. En þar sem þessi niðurjöfnun ásamt innheimtu gjalda frá fjölda sveitarfélaga mundi kosta mjög mikið starf, þykir þó viðurhlutamikið að bæta því ofan á öll þau skuldaskipti, sem nú eiga sér stað milli sveitarfélaganna út af veittum sveitarstyrk, því að það yrði til þess að gera fátækralöggjöfina ennþá margbrotnari heldur en hún er. Öðru máli væri að gegna, ef jafnframt yrði horfið að því ráði, að hver maður skyldi eiga framfærslu í dvalarsveit sinni, því að þar með hyrfu úr sögunni allir hinir erfiðu og kostnaðarsömu millireikningar milli sveitarfélaganna, auk þess sem það kæmi í veg fyrir alla sveitarflutninga og mundi að líkindum leiða til meiri hagsýni um styrkveitingar, þar sem sveitarfélagið sjálft yrði að bera allverulegan hluta af öllum sveitarstyrk, sem það veitir, og hefir því ekki tilefni til að sýna óhæfilega rausn á kostnað annara sveitarféлага. En þar sem vafasamt þykir, að þingið vilji gera svo gagngerða breytingu á fátækralögunum að svo stöddu, þá hefir ekki þótt tiltækilegt að stinga upp á slíku. Hinsvegar væri lítil eða engin bót ráðin á ójöfnuði sveitarþyngslanna, þótt horfið væri að því ráði, að hver maður skyldi eiga framfærslu í dvalarsveit sinni, ef ekki væru jafnframt gerðar ákvarðanir um, að miklum hluta af fátækragjöldunum yrði jafnað niður á öll sveitarfélög eftir sanngjörnum hlutföllum.

En það er til leið, sem fara má til þess að bæta úr fjárhagsvandráðum þeirra hreppa, sem mest sveitarþyngsli hafa, leið, sem ætla má, að þingið muni vilja fallast á nú, þar sem hún ekki útheimtir neina gagngerða breytingu á fátækralögunum, en stendur þó ekki að neinu leyti í vegi fyrir því, að gagngerðari breytingar verði gerðar á fátækralögunum síðar. Með því að velja þá leið er leitast við að fullnægja þingsályktuninni án þess að stinga upp á öðrum breytingum, sem þó kynnu að teljast æskilegar.

Í 66. gr. fátækralaganna er svo ákveðið, að ef þurfalingur fer eftir lækni-
isráði í sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala eða geðveikrahæli, þá greiðir framfærslusveit hans $\frac{2}{5}$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og lækni-
ishjálp, þó aldrei yfir 400 kr. á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr rik-
issjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfélagi. Ennfremur er í 67. gr. sömu laga tilsvarendi ákvæði um allan sveitarstyrk, sem veittur er erlendis mönnum, sem framfærslusveit eiga hér á landi, og auk þess er þar ákveðið, að rikissjóður beri allan kostnað við flutning þurfamanna og skylduliðs þeirra frá útlöndum. Þessi rikissjóðsstyrkur veitist algerlega án til-
lits til þess, hvort sveitarfélagið, sem í hlut á, hefir mikil eða lítil sveitarþyngsli, og verður því í ýmsum tilfellum til þess að auka ójöfnuð þann, sem á sér stað að því leyti meðal sveitarfélaganna, þegar sveitarfélög, sem hafa lítil eða engin sveitarþyngsli að öðru leyti, verða þessa rikissjóðsstyrks aðnjótandi. Þessi styrk-
ur hefir á síðustu árum numið rúmlega 80 þúsund krónum, og það má líklega gera ráð fyrir, að hann fari heldur vaxandi. Með því að breyta þessum styrk þannig, að hann sé ekki bundinn við sjúkrahúsvist eða þær ástæður, sem um er fjallað í 67. gr., heldur að hann renni til þeirra sveitarféлага, sem hafa mest

sveitarþyngsli, og í hlutfalli við sveitarþyngsli þeirra, má bæta töluvert úr fjárhagsörðugleikum þeirra sveitarfélaga, sem mesta hafa þörfina á hjálp vegna sveitarþyngsla, án þess að ríkissjóði séu bundnir með því neinir nýir baggar, og fyrir því er stungið upp á slíkri breytingu í frumvarpi því, sem hér birtist.

Þau sveitarfélög, sem nú njóta sjúkrastyrks eða styrks samkvæmt 67. gr. fátækralaganna úr ríkissjóði, verða samkvæmt því sjálf að bera þann kostnað, nema sveitarþyngsli þeirra verði við það verulega meiri en gerist í öðrum sveitum, því að þá geta þau orðið aðnjótandi ríkissjóðsstyrksins, og þeim mun hærrí styrks, sem fátækraútgjöld þeirra fara meira fram úr því, sem almennt gerist. Hlýtur öllum að liggja í augum uppi, hve sanngjörn sú breyting er.

Það getur orðið nokkurt álitamál, við hvað miða beri sveitarþyngslin, þegar ákveða skal, hvar þau séu mest, og hvaða sveitarfélögum því beri styrkur úr ríkissjóði. Virðist sjálfsgagt að nota til þess fleiri en einn mælikvarða, því að með því móti geta þeir nokkuð bætt hver annan upp og minna borið á ófullkomleika hvers einstaks mælikvarða.

Í meðfylgjandi skýrslu er yfirlit yfir fátækraútgjöld allra sveitarfélaga á landinu árið 1930, ennfremur um mannfjölda þeirra í árslok sama ár, skattskyldar tekjur og skuldlausar eignir samkvæmt skattskrá 1930 og fasteignamat, sem fasteignaskattur var greiddur af sama ár. Ennfremur er sýnt, hve fátækraútgjöldin eru mikil í hverjum hreppi og kaupstað, miðað við mannfjölda, 100 kr. skattskyldar tekjur, 100 kr. skuldlausar eignir og fasteignamatshundrað. Sýnir skýrslan því með mismunandi mælikvörðum, hve misjafnlega sveitarþyngslin koma niður á sveitarfélögin. Að visu er hér einungis um eitt ár að ræða, og upphæð fátækraútgjaldanna getur í einstökum hreppum breytt nokkuð frá ári til árs, einkum vegna endurgreiðslna til eða frá öðrum hreppum. En það mun þó vera hrein undantekning, ef fátækraútgjöld einhvers hrepps eru mjög há eitt ár, en mjög lág næsta ár. Sýnir skýrslan ljóslega, að mikill munur er á sveitarþyngslunum í hinum einstöku hreppum og kaupstöðum, en niðurstaðan verður nokkuð misjöfn, eftir því við hvað er miðað. Þó fylgjast allir mælikvarðarnir nokkurn veginn að, svo að það er fremur sjaldgæft, að fyrir sama sveitarfélag séu sum meðaltölin mjög há, en önnur mjög lág.

Sömu mælikvarðarnir, sem notaðir eru í skýrslunni, hafa verið teknir upp í frumvarpið, þannig að mannfjöldi, tekjur og eignir eru látin ráða sinum þriðjungnum hvert, þó þannig, að eignin er að hálfu miðuð við skuldlausar eignir samkvæmt skattskrá, en að hálfu við fasteignamat. Aðrir mælikvarðar hefðu líka ef til vill verið fullt eins nothæfir og þessir, svo sem tala verkfærra karlmanna í stað mannfjölda, þar sem hún sýnir öllu betur útsvarsmöguleika sveitarinnar, og ennfremur allar tekjur og eignir hreppsþúa í stað skattskyldra tekna og eigna, því að sú skattskylda er miðuð við ríkisskatt, en sveitirnar geta einnig lagt útsvör á aðrar tekjur og eignir. Þessir mælikvarðar hafa þó ekki verið notaðir í skýrslunni, vegna þess að þær tölur eru ekki fáanlegar nú, nema úr sveitunum, og um seinni tölurnar (tekjur og eignir) er óvist, hvort þær eru fáanlegar úr öllum sýslum, en í kaupstöðunum liggja þessar tölur ekki fyrir og það kostar töluverða fyrirhöfn að fá þær upp (rannsókn á framtölum þeirra manna, sem ekki ná skatti, eða áætlanir um tekjur þeirra og eignir). En ger-

legt væri að fá þær upp, ef slíkt þætti æskilegra. Hinsvegar virðist tala gjaldenda sveitarútsvars ekki vera heppilegur mælikvarði, því að sveitarstjórn hefir á valdi sínu að stækka eða minnka hann töluvert eftir vild, eftir því hvort teknir eru með margir smágjaldendur eða þeim sleppt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ef fátækraútgjöld sveitarfélags fer meira en 20% fram úr meðaltali fátækraútgjalda á öllu landinu, miðað að $\frac{1}{3}$ hluta við mannfjölda, að $\frac{1}{3}$ hluta við skattskyldar tekjur, að $\frac{1}{6}$ hluta við skuldlausar eignir skattgreiðenda og $\frac{1}{6}$ hluta við fasteignamat, þá greiðast $\frac{2}{3}$ hlutar af því, sem þar er fram yfir, úr rikissjóði. Fyrir árið 1930 mundi sú upphæð, sem samkvæmt frumvarpinu hefði átt að greiða úr rikissjóði, hafa numið svipaðri upphæð eins og greidd var sveitarfélögunum í sjúkrastyrk og samkvæmt 67. gr. fátækralaganna, svo að fyrir rikissjóðinn hefði útkoman verið lík, en fyrir sveitarfélögin hefði munurinn verið sá, að einungis þau sveitarfélög, sem tiltölulega mest sveitarþyngsli höfðu, hefðu fengið rikissjóðsstyrk, og þau mestan þar, sem sveitarþyngslin voru mest. Hefðu yfir 60 sveitarfélög, er mest sveitarþyngsli höfðu, fengið rikissjóðsstyrk samkvæmt reglum frumvarpsins allverulegan, allt upp í 8500 kr. (Neskaupstaður) og 6700 kr. (Gerðahreppur), en önnur minni og sum mjög lítinn. Ef styrksupphæðin samkvæmt reglunum yrði minni en 100 kr., virðist hún að skaðlausu mega falla niður.

Við það að miða styrkupphæðina við meðalsveitarþyngsli á hverjum tíma, en ekki við fasta upphæð (miðað við mannfjölda o. s. frv.), vinnst það, að styrkupphæðin fer ekki upp úr öllu valdi við það, að fátækraútgjöldin vaxa yfirleitt (svo sem vegna breytinga á peningagildinu), né heldur lækkar stórlega við breytingu í hina áttina. En auðvitað getur styrksupphæðin breytt nokkuð frá ári til árs. Minnst verður hún þegar flestir hreppar eru nálægt meðaltalinu eða þegar sveitarþyngslin eru jöfnust, en meiri þegar margir hreppar fara langt fram úr meðaltalinu eða þegar sveitarþyngslin eru mjög ójöfn. En þá er líka styrkþörfin meiri heldur en þegar sveitarþyngslin eru jafnari.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Það virðist engin sérstök ástæða til, að rikissjóður greiði endanlega kostnað þann, sem um ræðir í 67. gr. fátækralaganna, fremur en annan kostnað við þurfamannaframfærslu, enda kemur það ekki verr niður á sveitarfélögum hér, þó þau þurfi að endurgreiða slíkan styrk en annan þurfamannastyrk, ef hann nemur ekki svo miklu, að fátækraútgjöld hreppsins í heild verði við það hærri en góðu hófi gegnir. Þykir því rétt að fella hurt þessa skyldu rikissjóðs til að greiða endanlega kostnað þann, sem hér ræðir um.

Það hefir kveðið talsvert að því á undanförunum árum, að sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn hafi veitt mönnum, sem voru félausir erlendis, styrk nokkurn til dvalar þar og heimfarar. Sömuleiðis hafa danskir konsúlur í ýmsum löndum stundum veitt íslenskum mönnum, sem verið hafa í nauðum staddir, styrk til dvalar og heimferðar. Þessir styrkir hafa ekki verið veittir í því formi,

sem gert er ráð fyrir í fátækralögunum að hafa skuli á um veiting sveitarstyrks, og hefir því verið erfitt um innheimtu á slíkum styrksupphæðum hjá framfærslusveit styrkþega, ef hann hefir ekki endurborgað styrkinn sjálfur. Mennt þeir, sem slíka styrki fá, eru oft ýmsir slæpingar og ferðalangar, sem eigi er ástæða til að sleppi við það, að styrkurinn sé skoðaður sem sveitarstyrkur, og þykir því rétt að setja ákvæði um það, að slíkan styrk skuli jafnan telja sveitarstyrk, ef styrkþegi endurgreiðir hann ekki innan eins mánaðar frá veitingu hans.

Um 2. gr.

Það veldur að sjálfsögðu hlutaðeigandi embættis- og sýslumönnum nokkurri fyrirhöfn að útvega skýrslur þær, sem um ræðir í greininni, en hjá því verður ekki komið til þess að séð verði, hver er fátækraframfærslukostnaður í hinum ýmsu sveitum landsins.

Um 3. gr.

Um þessa grein er nægilega rætt í athugasemdunum hér að framan. VI. kafli fátækralaganna, eins og hann er nú, er með frumvarpi þessu felldur niður, en í hans stað kæmi sá sérstaki styrkur úr rikissjóði, sem hér ræðir um, til handa þeim sveitarfélögum, sem verða harðast úti vegna mikils fátækraakostnaðar, miðað við mannfjölda og gjaldþol.

Um 4. gr.

Ýms sveitarfélög hafa eigi getað endurgreitt sveitarstyrk, sem veittur hefir verið þurfalöngum þeirra af öðrum sveitarfélögum á undanförunum árum, og hafa safnað saman sumsstaðar stórar fölgur, sem sum sveitarfélög skulda öðrum, jafnvel svo stórar, að engar líkur eru til, að greiddar verði. Þykir því nauðsyn á því, að slík sveitarfélög fái styrk úr rikissjóði til þess að komast á réttan kjöl, og virðist ekki annað fært en að fela atvinnumálaráðuneytinu að kveða á um það, að hversu miklu leyti rikissjóður skuli hlaupa undir bagga með þeim.

Um 5. gr.

Rétt þykir, að lögin séu látin ganga þegar í gildi, þannig að burt falli frá staðfestingu þeirra skylda rikissjóðs til að greiða endanlega sjúkrakostnað þurfa-linga og annan kostnað samkvæmt 66. og 67. gr. fátækralaganna. Það er vafalaust, að sá kostnaður, sem samkvæmt núgildandi ákvæðum þannig verður greiddur fyrir fyrri hluta ársins 1932, nemur mikilli upphæð, og að þess vegna kostnaður sá, sem leiðir af ákvæðum þessara laga, að honum meðtöldum, verður mun hærri en síðar ætti að verða“.

Fylgiskjal.

Skýrsla um framfærslukostnað sveitarfélaganna 1930.

	Fátækra- útgjöld kr.	Mann- fjöldi	Skattskyldar tekjur kr.	Skuldlausar eignir kr.	Fast- eigna- mat hdr.	Fátækraútgjöld			
						á mann	á 100 kr. skattsk. tekjur	á 100 kr. skuldl. eign	á fast- eign- arhdr.
I. Kaupstaðir									
Reykjavík	472035	28052	27045650	52048200	575496	16,83	1,75	0,91	0,82
Hafnarfjörður	63567	3552	2074750	4328300	60746	17,90	3,06	1,47	1,05
Ísafjörður	47524	2411	1241250	1710900	41934	19,71	3,83	2,78	1,13
Siglufjörður	23813	2021	951100	1295900	48833	11,78	2,50	1,83	0,49
Akureyri	43439	3966	2735100	7359200	65524	10,95	1,59	0,59	0,66
Seyðisfjörður	18208	914	389100	690000	20579	19,92	4,68	2,64	0,82
Nes í Norðfirði	28650	1126	408250	1874100	11507	25,44	7,02	1,53	2,49
Vestmannaeyjar	45830	3380	997250	4372700	72024	13,56	4,60	1,05	0,64
Samtals	743066	45422	35842450	73679300	896643	16,36	2,07	1,01	0,83
II. Hreppar									
Gullbringusýsla									
Grindavík	5137	510	90000	349900	4120	10,07	5,71	1,47	1,25
Hafna	1898	150	33050	172000	953	12,65	5,74	1,10	1,99
Miðnes	5596	499	146600	264800	6771	11,21	3,82	2,11	0,83
Gerða	13553	402	57800	119800	3838	33,71	23,45	11,31	3,53
Keflavík	16560	978	391900	670200	14021	16,93	4,23	2,47	1,18
Vátnsleysustrandar	5046	294	34950	132600	2792	17,16	14,44	3,81	1,81
Garða	7512	213	85200	187100	3157	35,27	8,82	4,01	2,38
Bessastaða	4491	153	35050	243300	2741	29,35	12,82	1,85	1,64
Samtals	59793	3199	874550	2139700	38393	18,69	6,84	2,79	1,56
Kjósarsýsla									
Seltjarnarnes	15233	985	572550	1850500	20798	15,46	2,66	0,82	0,73
Mosfells	4128	343	192500	197900	10922	12,03	2,14	2,09	0,38
Kjalarnes	1441	227	62750	337700	5121	6,35	2,30	0,43	0,28
Kjósar	2744	316	66700	478100	4355	8,68	4,11	0,57	0,63
Samtals	23546	1871	894500	2864200	41196	12,58	2,63	0,82	0,57
Borgarfjarðarsýsla									
Strandar	2680	178	19600	118400	1600	15,06	13,67	2,26	1,67
Skilmanna	»	98	13100	50600	923	»	»	»	»
Innri-Akranes	2733	168	18050	71300	1061	16,27	15,14	3,83	2,58
Ytri-Akranes	19208	1262	588750	1055700	18137	15,22	3,26	1,82	1,06
Leirár- og Mela	1762	161	12350	107100	1552	10,94	14,27	1,65	1,14
Andakíls	1679	182	67700	365200	3473	9,22	2,48	0,46	0,48
Skorradals	2376	130	22750	114700	1060	18,28	10,44	2,07	2,24
Lundarreykjadals	1007	126	11650	110700	1154	7,99	8,64	0,91	0,87
Reykholtsdals	540	192	53600	374800	1731	2,81	1,01	0,14	0,31
Hálsa	200	103	17800	186200	912	1,94	1,12	0,11	0,22
Samtals	32185	2600	825350	2554700	31603	12,38	3,90	1,26	1,02

Skýrsla um framfærslukostnað sveitarfélaganna 1930 (frh.).

Hreppar	Fátækra- útgjöld kr.	Mann- fjöldi	Skattskyldar tekjur kr.	Skuldlausar eignir kr.	Fast- eigna- mat hdr.	Fátækraútgjöld			
						á mann	á 100 kr. skattsk. tekjur	á 100 kr. skuldi. eign	á fast- eign- arhdr.
Mýrasýsla									
Hvítársíðu	2518	131	15900	200100	854	19,22	15,84	1,26	2,95
Pverárhliðar	930	125	17700	172700	640	7,44	5,25	0,54	1,45
Norðurárdals	1139	142	23600	82400	727	8,02	4,83	1,38	1,57
Staðholtstungna	1611	260	47700	331200	1905	6,20	3,38	0,49	0,85
Borgar	1356	264	40700	244500	2308	5,14	3,33	0,55	0,59
Borgarnes	36	432	131900	277700	7573	0,08	0,03	0,01	0,00
Álftanes	1816	199	34150	264700	1565	9,13	5,32	0,69	1,16
Hraun	2448	256	49450	221000	1823	9,56	4,95	1,11	1,34
Samtals	11854	1809	361100	1794300	17395	6,55	3,28	0,66	0,68
Snæfellsnessýsla									
Kolbeinsstaða	1364	226	25200	100700	1037	6,04	5,41	1,35	1,32
Eyja	755	105	20450	71400	733	7,19	3,69	1,06	1,03
Miklaholts	3150	172	38800	120200	906	18,31	8,12	3,14	3,48
Staðarsveit	1215	232	30500	103400	1365	5,23	3,98	1,18	0,89
Breiðavíkur	804	247	12800	55600	856	3,26	6,28	1,45	0,94
Nes utan Ennis	4768	616	50250	90000	3737	7,74	9,49	5,30	1,28
Ólafsvíkur	4726	439	36200	78400	2343	10,77	13,06	6,03	2,02
Fróðár	500	149	4150	29100	612	3,36	12,05	1,72	0,82
Eyrarsveit	3700	410	22950	78100	1819	9,02	16,12	4,74	2,03
Stykkishólms	8680	600	147200	269400	6299	14,47	5,90	3,22	1,38
Helgafellssveit	4707	204	13600	39000	1222	23,07	34,61	1,21	3,85
Skógastrandar	700	182	14150	99100	1515	3,85	4,95	0,71	0,46
Samtals	35069	3582	416250	1134400	22444	9,79	6,42	3,09	1,56
Dalasýsla									
Hörðudals	227	139	25350	183200	977	1,63	0,90	0,12	0,23
Miðdala	2600	238	19350	103800	1555	10,92	13,44	2,50	1,67
Haukadals	235	169	14250	95700	723	1,39	1,65	0,25	0,33
Laxárdals	4016	271	53650	160800	2172	14,82	7,49	2,50	1,85
Hvamms	»	158	40050	224500	1065	»	»	»	»
Fellsstrandar	563	159	18550	52400	1204	3,54	3,04	1,07	0,47
Klofnings	163	109	11950	44900	959	1,49	1,36	0,36	0,17
Skarðs	1121	145	10500	86400	1355	7,73	10,68	1,30	0,83
Saurbæjar	2593	257	20100	62600	1658	10,09	12,90	4,14	1,56
Samtals	11518	1645	213750	1014300	11668	7,00	5,39	1,03	0,99
A.-Barðastrandarsýsla									
Geiradals	420	93	16550	88300	546	4,52	2,54	0,48	0,77
Reykhóla	1006	263	42450	125400	1522	3,83	2,37	0,80	0,66
Gufudals	2110	151	5400	17800	604	13,97	39,08	11,85	3,49
Múla	371	129	13350	51500	673	2,88	2,78	0,72	0,55
Flateyjar	4037	313	42550	205100	2961	12,90	9,49	1,97	1,36
Samtals	7944	949	120300	488100	6306	8,37	6,60	1,63	1,26
V.-Barðastrandarsýsla									
Barðastrandar	1929	346	17250	113200	1171	5,58	11,18	1,70	1,65
Rauðasands	3611	334	45700	95600	2290	10,81	7,90	3,78	1,58
Patreks	4754	606	220600	273500	5706	7,84	2,16	1,74	0,83

Skýrsla um framfærslukostnað sveitarfélaganna 1930 (frh.).

Hreppar	Fátækra- útgjöld kr.	Mann- fjöldi	Skattskyldar tekjur kr.	Skuldlausar eignir kr.	Fast- eigna- mat hdr.	Fátækraútgjöld			
						á 100 kr. á mann	á 100 kr. skattsk. tekjur	á 100 kr. skuldl. eign	á fast- eign- arhdr.
V.-Barðastrandarsýsla (frh.)									
Tálknafjarðar	1990	293	43800	25500	1044	6,79	4,54	7,80	1,91
Dala	352	207	22300	91100	989	1,70	1,58	0,39	0,36
Suðurfjarða	5117	457	107000	187900	3120	11,20	4,78	2,72	1,64
Samtals	17753	2243	456650	786800	14320	7,91	3,89	2,26	1,24
Vestur-Ísafjarðarsýsla									
Auðkúlu	1489	204	16800	59500	1103	7,30	8,86	2,50	1,35
Pingeyrar	2943	725	136200	198800	5021	4,06	2,16	1,48	0,59
Mýra	480	335	53800	97900	1693	1,43	0,89	0,49	0,28
Mosvalla	1047	262	27800	26400	1703	4,00	3,77	3,97	0,61
Flateyrar	2089	397	150300	85300	6657	5,26	1,39	2,45	0,31
Suðureyrar	2344	444	131900	86500	2960	5,28	1,78	2,71	0,79
Samtals	10392	2367	516800	554400	19137	4,39	2,01	1,87	0,54
Norður-Ísafjarðarsýsla									
Hóls	5246	814	254200	233400	6657	6,46	2,06	2,25	0,79
Eyrar	5654	553	153450	140300	5316	10,22	3,68	4,03	1,06
Súðavíkur	5590	467	99650	96000	3727	11,97	5,61	5,82	1,50
Øgur	1426	244	63200	318800	1756	5,84	2,26	0,45	0,81
Reykjarfjarðar	731	156	27950	121400	1450	4,69	2,62	0,60	0,50
Nauteyrar	352	184	38900	202100	2330	1,91	0,90	0,17	0,15
Snæfjalla	1881	147	10900	87200	1270	12,80	17,26	2,16	1,48
Grunnavíkur	2234	254	12600	57900	1285	8,80	17,73	3,86	1,74
Sléttu	700	486	56550	222000	4936	1,44	1,24	0,32	0,14
Samtals	23814	3305	717400	1479100	28727	7,21	3,32	1,61	0,83
Strandasýsla									
Árnes	747	443	34700	126400	1981	1,69	2,15	0,59	0,38
Kaldrananes	3148	383	28150	106200	1240	8,22	11,18	2,96	2,54
Hrófbergs	823	353	75250	335700	956	2,33	1,09	0,25	0,86
Kirkjubólís	1137	169	15550	81300	858	6,73	7,31	1,40	1,33
Fells	390	100	13400	68100	856	3,90	2,91	0,57	0,46
Ospakseyrar	434	99	10800	92600	423	4,38	4,02	0,47	1,03
Bæjar	3673	311	78350	159500	1512	11,81	4,69	2,30	2,43
Samtals	10352	1858	256200	969800	7826	5,57	4,04	1,07	1,32
Vestur-Húnavatnssýsla									
Staðar	750	160	34050	60700	981	4,69	2,20	1,24	0,76
Fremri-Torfustaða	1294	221	29900	210300	1493	5,86	4,33	0,62	0,87
Ytri-Torfustaða	952	256	69700	230400	1617	3,72	1,37	0,41	0,59
Kirkjubólís	3577	495	134300	483600	2962	7,23	2,66	0,74	1,21
Pverár	1645	287	54800	393900	1932	5,73	3,00	0,42	0,85
Þorkeiðshóls	1330	261	67550	250300	1477	5,10	1,97	0,53	0,90
Samtals	9548	1680	390300	1629200	10462	5,68	2,45	0,59	0,91

Skýrsla um framfærslukostnað sveitarfélaganna 1930 (frh.).

Hreppar	Fátækra- útgjöld kr.	Mann- fjöldi	Skattskyldar tekjur kr.	Skuldlausar eignir kr.	Fast- eigna- mat hdr.	Fátækraútgjöld			
						á mann	á 100 kr. skattsk. tekjur	á 100 kr. skuldl. eign	á fast- eign- arhdr.
Austur-Húnavatnss.									
Ás	627	236	65150	368500	1949	2,66	0,96	0,17	0,32
Sveinsstaða	5012	161	49100	219200	1587	31,13	10,21	2,29	3,16
Torfalækjar	1993	179	41800	270300	1362	11,13	4,77	0,74	1,46
Blönduós	3669	276	46200	108000	2100	13,29	7,94	3,40	1,75
Svínavatn	500	228	64400	354200	1707	2,19	0,78	0,14	0,29
Bólstaðarhlíðar	1152	252	64750	355200	2003	4,57	1,78	0,32	0,58
Engihlíðar	160	289	65950	409700	2326	0,55	0,24	0,04	0,07
Vindhælis	5048	685	147100	396200	3493	7,37	3,43	1,27	1,45
Samtals	18161	2306	544450	2481300	16527	7,88	3,34	0,73	1,10
Skagafjarðarsýsla									
Skefilsstaða	842	174	38350	233100	1533	4,84	2,20	0,36	0,55
Skarðs	559	145	25050	102300	952	3,86	2,23	0,55	0,59
Sauðárkróks	8443	782	189450	643800	5840	10,80	4,46	1,31	1,45
Staðar	260	202	18750	184500	1280	1,29	1,39	0,14	0,20
Seilu	995	261	47300	266200	1929	3,81	2,10	0,27	0,52
Lýtingsstaða	1998	376	57000	456800	3426	5,31	3,51	0,44	0,58
Akra	1964	421	41550	328400	3489	4,67	4,73	0,60	0,56
Rípur	350	127	19150	233300	961	2,76	1,83	0,15	0,36
Viðvíkur	»	185	24900	256200	1310	»	»	»	»
Hóla	1402	173	27650	155900	1284	8,10	5,07	0,90	1,09
Hofs	4160	567	50400	188800	2613	7,34	8,25	2,20	1,59
Fells	393	128	7300	66100	777	3,07	5,38	0,59	0,51
Haganes	2087	236	16900	103100	1338	8,84	12,35	2,02	1,56
Holls	1877	237	23400	103100	1911	7,92	8,02	1,82	0,98
Samtals	25330	4014	587150	3321600	28643	6,31	4,31	0,76	0,88
Eyjafjarðarsýsla									
Grímseyjar	634	125	17950	15700	214	5,07	3,53	4,04	2,96
Ólafsfjarðar	4907	716	142550	363200	4383	6,85	3,44	1,35	1,12
Svarfaðardals	3707	1057	130050	633600	5651	3,51	2,85	0,59	0,66
Arskógs	4397	643	90050	217200	3921	6,84	4,88	2,02	1,12
Arnarnes	3744	425	56150	313700	4628	8,81	6,67	1,19	0,81
Skriðu	2997	201	23400	268200	1763	14,91	12,81	1,12	1,70
Öxnadals	1597	138	10950	66000	891	11,57	14,58	2,42	1,79
Glæsibæjar	13565	798	163450	801600	10097	17,00	8,30	1,69	1,34
Hrafnagils	2457	280	68450	537400	3025	8,77	3,59	0,46	0,81
Saurbæjar	3655	466	62400	357400	2942	7,84	5,86	1,02	1,24
Öngulsstaða	6587	408	83300	582800	5376	16,14	7,91	1,13	1,23
Samtals	48247	5257	848700	4156800	42891	9,18	5,68	1,16	1,12
Suður-Þingeyjarsýsla									
Svalbarðsstrandar	1463	241	54100	236200	2453	6,07	2,70	0,62	0,60
Grýtubakka	2134	528	81600	242300	3884	4,04	2,62	0,88	0,55
Flateyjar	478	139	22600	26000	847	3,44	1,84	1,84	0,56
Háls	919	301	35750	110000	1897	3,05	2,57	0,84	0,48
Ljósavatn	1526	300	23200	127600	1709	5,09	6,58	1,20	0,89
Þárðæla	1832	184	23650	196700	1288	9,96	7,75	0,93	1,42
Skútustaða	1683	380	43200	358000	2037	4,43	3,90	0,47	0,83

Skýrsla um framfærslukostnað sveitarfélaganna 1930 (frh.).

Hreppar	Fátækra- útgjöld kr.	Mann- fjöldi	Skattskyldar tekjur kr.	Skuldlausar eignir kr.	Fast- eigna- mat hdr.	Fátækraútgjöld			
						á 100 kr. á mann	skattsk. tekjur	á 100 kr. skuldl. eign	á fast- eign- arhdr.
Suður-Pingeyjarsýsla (frh.)									
Reykdalela	5087	367	57550	195300	2155	13,86	8,84	2,60	2,36
Aðaldæla	1490	361	43100	238400	2121	4,13	3,46	0,62	0,70
Húsavíkur	8162	871	325550	399400	7793	9,37	2,51	2,01	1,05
Tjörnes	2182	233	43700	202900	2527	9,36	4,99	1,08	0,86
Samtals	26956	3905	754000	2332800	28711	6,90	3,58	1,16	0,94
Norður-Pingeyjarsýsla									
Keldunes	1005	233	33400	128300	1519	4,31	3,01	0,78	0,66
Óxarfjarðar	786	187	41250	218200	1163	4,20	1,91	0,36	0,67
Fjalla	393	65	19250	72300	604	6,05	2,04	0,54	0,65
Presthóla	1720	550	78700	618200	6017	3,13	2,19	0,28	0,29
Svalbarðs	50	267	31550	156300	1418	0,19	0,16	0,03	0,04
Sauðanes	4610	494	117750	358900	5218	9,33	3,91	1,28	0,88
Samtals	8564	1796	321900	1552300	15939	4,77	2,66	0,55	0,54
Norður-Múlasýsla									
Skeggiastaða	2770	287	63650	233800	2828	9,65	4,35	1,18	0,98
Vopnafjarðar	11538	754	111100	337300	5571	15,30	10,39	3,42	2,07
Jökuldals	704	202	72950	201600	1510	3,49	0,97	0,35	0,47
Hlíðar	886	137	29000	17300	981	6,47	3,06	5,12	0,90
Tungu	1511	221	48050	160300	1510	6,84	3,14	0,94	1,00
Fella	»	195	47800	287000	1701	»	»	»	»
Fijótsdals	2768	260	70450	264500	1474	10,65	3,97	1,05	1,88
Hjaltastaða	3313	219	39300	19300	1443	15,13	8,43	17,17	2,30
Borgarfjarðar	3483	325	59600	160600	2590	10,72	5,84	2,17	1,34
Loðmundarfjarðar	400	76	2550	90800	708	5,26	15,69	0,44	0,57
Seyðisfjarðar	816	171	42850	236900	1817	4,77	1,90	0,34	0,45
Samtals	28189	2847	587300	2009400	22133	9,90	4,80	1,40	1,27
Suður-Múlasýsla									
Skriðdals	573	156	18350	53800	980	3,67	3,12	1,07	0,58
Valla	845	219	50400	219300	2436	3,86	1,68	0,39	0,35
Eiða	2396	172	42950	108000	1041	13,93	5,58	2,22	2,30
Mjóafjarðar	1693	183	34700	177800	1948	9,25	4,88	0,95	0,87
Norðfjarðar	2418	224	23150	75100	1618	10,79	10,44	3,22	1,49
Helgustaða	1559	219	23300	107800	1505	7,12	6,69	1,45	1,04
Eskifjarðar	9532	758	187850	237600	9455	12,58	5,07	4,01	1,01
Reyðarfjarðar	7605	479	82400	295700	5483 ^{1/2}	15,88	9,23	2,57	1,39
Fáskrúðsfjarðar	7755	371	15750	71000	3006	20,90	49,24	10,92	2,58
Búða	7600	632	129600	254900	5361	12,03	5,86	2,98	1,42
Stöðvar	2676	178	14700	179800	1367	15,03	18,20	1,49	1,96
Breiðdals	3278	332	26150	153200	2285 ^{1/2}	9,87	12,54	2,14	1,43
Berunes	2140	153	11700	93600	819	13,99	18,29	2,29	2,61
Geithellna	3326	432	77350	309200	4328	7,70	4,30	1,08	0,77
Samtals	53396	4508	738350	2336800	41633	11,84	7,23	2,29	1,28

Árið 1928. Reikningar ókomnir fyrir 1929 og 1930.

Skýrsla um framfærslukostnað sveitarfélaganna 1930 (frh.).

Hreppar	Fátækra- útgjöld kr.	Mann- fjöldi	Skattskyldar tekjur kr.	Skuldlausar eignir kr.	Fast- eigna- mat hdr.	Fátækraútgjöld			
						á mann	á 100 kr. skattsk. tekjur	á 100 kr. skuldl. eign	á fast- eign- arhdr.
Austur-Skaftafellssýsla									
Bæjar	439	404	22600	112300	919	1,09	1,94	0,39	0,48
Nesja	1026	379	66000	238100	5827	2,71	1,55	0,43	0,18
Mýra	201	192	13500	68400	979	1,05	1,49	0,29	0,21
Borgarhafnar	»	182	8600	55400	792	»	»	»	»
Hofs	»	193	25100	125100	866	»	»	»	»
Samtals	1666	1150	135800	599300	9383	1,45	1,23	0,28	0,18
Vestur-Skaftafellssýsla									
Hörgslands	2646	283	65150	314600	1642	9,35	4,06	0,84	1,61
Kirkjubæjar	1150	222	56350	219100	1881	5,18	2,04	0,52	0,61
Leiðvalla	245	236	28950	91600	839	1,04	0,85	0,27	0,29
Álftavers	210	108	16850	34100	548	1,94	1,25	0,62	0,38
Skaftártungu	1286	110	15550	91200	724	11,69	8,27	1,41	1,78
Hvamms	4078	554	143450	515800	4829	7,36	2,84	0,79	0,84
Dyrhóla	4300	265	48950	119600	1893	16,23	8,78	3,50	2,27
Samtals	13915	1778	375250	1386000	12356	7,83	3,71	1,00	1,12
Rangárvallasýsla									
Austur-Eyjafjalla	2087	315	32950	151700	2215	6,63	6,33	1,38	0,94
Vestur-Eyjafjalla	2813	464	36500	179900	3213	6,06	7,71	1,56	0,88
Austur-Landeyja	1969	364	67300	253200	2568	5,41	2,93	0,78	0,77
Vestur-Landeyja	4034	330	37950	255600	2201	12,22	10,63	1,58	1,83
Fljótshlíðar	334	417	57800	288600	3409	0,80	0,58	0,12	0,10
Hvol	982	215	31900	200800	1856	4,57	3,08	0,49	0,53
Rangárvalla	2179	314	52550	256100	2903	6,94	4,15	0,85	0,75
Landmanna	1495	263	36150	383200	1748	5,68	4,14	0,39	0,85
Holta	2208	300	44350	222700	1882	7,36	4,98	0,99	1,17
Ása	8281	601	87050	334200	4037	13,78	9,51	2,48	2,05
Samtals	26382	3583	484500	2526000	26032	7,36	5,45	1,04	1,01
Árnessýsla									
Gaulverjabæjar	2094	354	38800	112800	2186	5,91	5,40	1,86	0,96
Stokkseyrar	5024	687	135200	317700	5971	7,31	3,72	1,58	0,84
Eyrarbakka	7548	647	133050	175400	9280	11,67	5,67	4,30	0,81
Sandvíkur	1533	213	80650	288200	3175	7,20	1,90	0,53	0,48
Hraungerðis	1163	259	71150	314100	2347	4,49	1,63	0,37	0,50
Villingahólts	1430	286	18100	134600	2329	5,00	7,90	1,06	0,61
Skeiða	1092	286	33400	42400	1902	3,82	3,27	2,58	0,57
Gnúpverja	879	234	45250	248400	2087	3,76	1,94	0,35	0,42
Hrunamanna	¹ 9225	402	69800	295700	2992	22,95	13,22	3,12	3,08
Biskupstungna	² 3049	412	104350	334400	3278	7,40	2,92	0,91	0,93
Laugardals	530	152	27600	177000	1131	3,49	1,92	0,30	0,47
Grímsnes	2978	332	62600	295800	3302	8,97	4,76	1,01	0,90
Pingvalla	300	111	27600	132600	1007	2,70	1,09	0,23	0,30
Grafnings	»	82	11200	73400	866	»	»	»	»
Ölfus	4081	396	52600	294800	4652	10,31	7,76	1,38	0,88
Selvogs	849	100	14150	54100	580	8,49	6,00	1,57	1,46
Samtals	41775	4953	925500	3291400	47085	8,43	4,51	1,27	0,89
Hreppar samtals	546349	63205	12346050	43402700	540810	8,64	4,43	1,26	1,01
Allt landið	1289415	108627	48188500	117082000	1437453	11,87	2,68	1,10	0,90

¹ Árið 1928. Reikningar ókomnir fyrir 1929 og 1930. ² Árið 1929. Reikningur ókominn fyrir 1930.